



Alþingi
Erindi nr. P 138/1101
komudagur 24.2.2004

Umsögn frá Vímulausri æsku, Foreldrahúsi um:

Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998

Samtökin Vímulaus æska, Foreldrahúsið, lýsa sig andvíg efni frumvarpsins. Flest mál er koma til kasta Vímulausrar æsku og Foreldrahússins varða ungt fólk á aldrinum 13-24 ára. Á vegum samtakanna fer fram viðamikið starf í hópum foreldra og annarra aðstandenda ungs fólks. Það er samdóma mat hópsins að þessi lagabreyting myndi engan veginn leysa þann vanda sem við er að glíma við að hlíta lögum um áfengiskaupaaldur. Þvert á móti er hætt við að nýtt viðmið myndi auka hættuna á því að enn yngri unglingum yrði selt áfengi en nú gerist, þar sem þá yrði hægt að verja þær gerðir með því að afgreiðslufólk og veitingamenn "teldu" að unglingurinn væri orðinn fullra 18 ára í stað 20 eins og nú er. Reynsla annarra þjóða hefur ekki sýnt að lækkun áfengiskaupaaldurs breyti neinu til hins betra í þessum efnum og þau rök því haldlítill. Enda er í frumvarpinu ekki getið um nein slík dæmi. Hætt er við að síst yrði auðveldara að framfylgja lögnum ef tvenns konar aldursmark gildi um áfengiskaup, og ekki er í frumvarpinu sýnt fram á neinar nýjar hugmyndir varðandi eftirlit með því að lögin yrðu virt. Vímulaus æska, Foreldrahús, taka undir með flutningsmönnum að þörf sé á að lögum um áfengiskaup sé framfylgt, en sjá ekki að frumvarpið leysi neitt í þeim efnum og mæla því ekki með því að frumvarpið nái fram að ganga.

Elísa Wíum, framkvæmdastjóri